

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/997
komudagur 14. 2. 2003

Reykjavík, 13.02.2003
Tilv. 02.109, 19.109
GÁS/gás

Vísað er til bréfs hæstvirtrar heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988, 423 mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að settur verði á stofn lyfjagagnagrunnur um ávísanir og neyslu ávana- og fíknilyfja í því skyni að hafa eftirlit með þessum lyfjaflokki. Eflaust er hér um að ræða hentugt tæki til nota við svo nauðsynlegt eftirlit en samkvæmt frumvarpinu virðist notkun gagnagrunnsins eiga að vera mun víðtækari og ekki er að fullu ljóst hvernig hann eigi að nota. Er það ekki síst í ljósi persónuverndar sem spurningar vakna um svo víðtækt eftirlit sem lagt er til að komið verði á. Er hér um að ræða enn eitt dæmið um hinn opinbera eftirlitsiðnað sem sífellt eflist með tilheyrandi kostnaði.


Þó að megintilgangur lyfjagagnagrunnsins eigi eins og fyrr segir að auðvelda Tryggingastofnun ríkisins, Landlækni og Lyfjastofnun eftirlit með ávísunum á ávana- og fíknilyf verður ekki annað séð við lestur frumvarpsins en að notkun hans verði mun almennari, t.d. er gert ráð fyrir viðamikilli söfnun Tryggingastofnunar ríkisins á upplýsingum um lyf og lyfjanotkun. Velta má þeirri spurningu fyrir sér hver tilgangurinn með þessu er, sérstaklega varðandi þau lyf sem Tryggingastofnun tekur ekki þátt í að greiða.

Sérstök athygli nefndarinnar er vakin á að samkvæmt 5. og 6. mgr. 30. gr. lyfjalaga er lyfjaheildsölum heimilt að selja læknum, tannlæknum og dýralæknum lyf. Ekki er gert ráð fyrir sambærilegu eftirliti með þessari sölu og þeirri sem fram fer í lyfjabúðum. Jafnframt þykir eðlilegt að yfirdýralækni verði veitt sambærileg heimild varðandi upplýsingar um dýralyf og landlækni um mannalyf. Mun það m.a. gera honum kleift að fá upplýsingar og geti þannig fylgst með notkun dýralyfja. Er þetta sérstaklega nefnt vegna faraldsfræðilegra rannsókna, t.d. um ónæmi og notkun sýklalyfja.



Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar til að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum.

Virðingarfyllst


Guðrún Asta Sigurðardóttir hdl.